

BORGARRÁÐ 2. mars 2023: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um húsnæði fyrir Heilsugæslu Grafarvogs - MSS23030007

Nú hefur Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins flutt Heilsugæslu Grafarvogs í Árbæinn vegna framkvæmda í fyrra húsnæði. Íbúar Grafarvogs hafa vakið athygli á því að þetta torveldar sérstaklega eldra fólki sem sækir heilsugæsluna og þeim sem hafa ekki aðgengi að bíl vegna lakra almenningssamgönguleiða milli þessa tveggja hverfa. Spurt er hvort borgin hafi húsnæði til umráða í Grafarvogi sem hægt væri að nýta undir heilsugæsluna og hvernig borgin gæti haft milligöngu um að lána heilsugæslunni það húsnæði á meðan á þessum framkvæmdum stendur svo Grafarvogsbúar geti áfram sótt grunnheilbrigðisþjónustu í sitt hverfi. Vakin er athygli á því að nánast jafn margir búa í Grafarvogi og búa á Akureyri. Því munar um hverja bílferð á milli hverfanna tveggja.